Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 1. september 2025.
Málsnr. 2409009
PBG/HH

Efni: Samningur við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Á 612. fundi stjórnar SSH, hinn 1. september 2025, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2409009 - Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Fyrirliggjandi eru drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áranna 2026-2028, en sveitarfélögin hafa hingað til gert samninga hvert um sig við stofuna. Er gerð tillaga um að stjórn samþykki drögin fyrir sitt leyti og að þau verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Niðurstaða fundar:
Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áranna 2026-2028 og er skrifstofu SSH falið að senda þau til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Eru meðfylgjandi samningsdrög því send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins og farið fram á að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt umboð til undirritunar þeirra. Er þá farið fram á að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist í netfangið ssh@ssh.is. Sé óskað frekari kynningar skulu beiðnir þess efnis berast í netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:
Drög að samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026